

**Umsögn Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar). Þingskjal 611 löggjafarþing 2017-2018**

**Dagsetning 28.03.2018**

**Stjórn Snæfells telur þær breytingar sem um ræðir í frumvarpinu mjög til bóta fyrir útgerð strandveiðibáta.**

**Öryggismál: Að geta valið úr góðviðrisdaga í stað þess að vera í keppni við tímann í vondum veðrum með að ná afla áður en aðrir klára úr pottinum er gríðarleg breyting til hins betra hvað öryggi smábátasjómannanna varðar.**

**Umgengni við auðlindina: Með því að geta valið sér góðviðrisdagana minnka líkur á að menn séu að veiða upp við land og komi með lélegt og verðlaust hráefni í land. Menn munu geta sótt dýpra og skilað betri afla.**

**Álag á fiskmarkaði: Búast má við að álag á fiskmarkaði muni dreifast yfir mánuðinn frekar en það sem hefur verið þegar álagið hefur verið mest í byrjun mánaðar. Þar af leiðandi má búast við jafnara framboði og minni sveiflum í verði.**

**Fyrir hönd Snæfells**

**Örvar Marteinson**